

1872.

1872.

3. janúar.

1. Bréf dómstjórarmanna til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um bjarglaun fyrir strandað skip¹.

Í bréfi, dagsettu 30. janúarm. f. á., hefir amtið sent hingað aðalreikning, sem það hefir lagt úrskurð á, viðvíkjandi strandi hins frakkneska fiskiskips *Emilie D. 53* frá Dunkerque, og þar með ávísun til 93 rd. 48 sk., sem er afgangur þess, sem fékkst fyrir skipið, er það var selt við uppboð, og gekk það alls upp í 1129 rd. 84 sk. Af því er samkvæmt reikningnum varið 389 rd. 92 sk. til að geyma skipið og til uppboðskostnaðar, en þá voru afgangs 739 rd. 88 sk. Eftir að Oddur Gíslason, fulltrúi hinna ensku skipstjórnamanna, *William King* og *Edward Crew*, sem höfðu bjargað skipinu, hafði krafist bjarglauna fyrir þeirra hönd, þá hefði amtið átt að skipta þessu fê milli útgjörðarmanna skipsins, og þeirra, sem björguðu því, samkvæmt N. L. 4—4—5, á þann hátt, að útgjörðarmennirnir fengi $\frac{2}{3}$ parta eða 493 rd. 27 sk., og hinir síðar nefndu $\frac{1}{3}$ part eða 246 rd. 61 sk. Með því nú reikningurinn sýndi, að borgaðir höfðu verið 646 rd. 40 sk. til viðurværis o. s. frv. handa skipstjóra og skipshöfninni, — en þann kostnað verða útgjörðarmenn eða aðrir, sem hlut eiga að máli, að borga, en eigi þeir, sem björguðu — og að 153 rd. 13 sk. væri með svofelldu móti komnir útgjörðarmönnum skipsins í hönd fram yfir það, sem þeir áttu, kom dómstjórarninn því til leiðar fyrir tilstilli utanríkisstjórarninnar, að hlutaðeigendur borguðu aptur þetta fê, og mæltist síðan til við utanríkisstjórarnina, að hún sæi um, að það kæmist í réttar hendur ásamt því, sem framan nefnd ávísun hljóðaði uppá, en hvorttveggja tilsamans

¹) Tilíndi um stjórnamálefni Íslands III., 189.

eru 246 rd. 61 sk. og bjarglaun nefndra skipstjórnarmanna. Þetta 1872.
 gefst yður, herra amtmaður, til vitundar, yður til leiðbeiningar, 3. janúar.
 og til þess þér birtíð það fulltrúa hinna ensku skipstjórnarmanna,
 er björguðu skipinu á Íslandi.

2. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtannsins yfir 12. janúar. Íslandi, um skrásetning og mælingar skipa.

Aðalskattastjórnin hefir leidd athygli dómsmálastjórnarinnar að því, að stundum væri hagfellt, með því póstgufuskipið lægi hér svo stuttan tíma við land, að gjörðir og skjöl viðvíkjandi skrásetning íslenzkra skipa, yrði send beint til sín, án þess að dómsmálastjórnin tæki fyrst við þeim. Með því nú má álíta, að með þessu sé og fullnægt því, sem fyrir er mælt í tilsk. handa Íslandi um skrásetning skipa, 25. júní 1869, 10. gr., þar sem aðalskattastjórninni er falið á hendur með konungsúrskurði 31. maí 1870 að standa fyrir skipa-skrásetningum og mælingum á Íslandi, mælumst ver til, að þér, herra stiptamtmaður, eptirleiðis sendið teðar gjörðir beint til aðalskattastjórnarinnar, og skrifist á við hana sjálfa um þessi mál.

3. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á 13. janúar. Íslandi, um styrk úr lækna sjóðnum handa sjúkrahúsinu í Reykjavík¹.

Eptir að hingað hafði borizt bréf yðar, herra stiptamtmaður, og yðar, háæruverðugi herra, dagsett 6. septbrm. f. á., er það allramildilegast samþykkt með úrskurði 8. þ. m., samkvæmt þegnlegum tillögum dómsmálastjórnarinnar, að sjúkrahúsi því, sem stofnað er í Reykjavík, verði framvegis veittur 400 rd. árlegur

¹) Tíðindi um stjórnamálefni Íslands II., 323.